



Göngum saman

Vísindasjóður Göngum saman 2024

Almennar upplýsingar og leiðbeiningar vegna umsókna um styrk úr vísindasjóði Göngum saman 2024

1. Almennar upplýsingar

Stjórn Göngum saman auglýsir eftir umsóknum um styrki til grunnrannsókna á brjóstakrabba meini árið 2024.

Umsókn á þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt fylgigögnum skal senda á netfangið styrkir@gongumsaman.is fyrir lok dags þriðjudagsins 10. september 2024. Ekki er tekið við síðbúnum umsóknum.

2. Hverjir geta sótt um styrk

Vísindamenn og nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi við íslenska háskóla og rannsóknastofnanir geta sótt um styrk. Skilyrði er að verkefnið flokkist sem grunnrannsóknir á brjóstakrabba meini.

3. Hvað er styrkt

Veittir eru styrkir til launa, efniskostnaðar og aðkeyptrar þjónustu. Ekki er veittur styrkur til tækjakaupa, til birtinga vísindagreina í opnum aðgangi né vegna ferðakostnaðar (sjá nánar lið 8).

4. Mat á umsóknum.

Vísindanefnd Göngum saman hefur umsjón með mati á umsóknum. Umsóknir eru sendar til mats til ytri umsóknaraðila. Við mat á umsóknum er lögð áhersla á vísindalegt gildi verkefnisins en einnig hvernig niðurstöður verkefnisins gætu aukið þekkingu á brjóstakrabba meini og hugsanlega leitt til framfara í meðferð brjóstakrabba meins.

5. Upphæð styrkja

Árið 2024 er stefnt að því að veita allt að 15 milljónum króna úr vísindasjóði Göngum saman. Upphæð styrkja ræðst af fjölda umsókna sem berast, vísindalegs gildis verkefnanna og gæða umsókna auk reynslu umsækjanda. Hafi umsækjandi áður hlotið styrk frá Göngum saman er tekið mið af framvindu fyrri styrktra verkefna. Stjórn Göngum saman áskilur sér rétt til að ákveða skiptingu styrkja, sem og að hafna öllum umsóknum.

6. Umsókn

Umsækjendur skulu fylla út umsókn á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu Göngum saman, www.gongumsaman.is

Æskilegt er að umsókn sé rituð á íslensku. Heiti verkefnis og lykilord skulu þó vera á bæði íslensku og ensku. Aðalumsækjandi hefur yfirumsjón með verkefninu og ber ábyrgð þ.mt.t fjárhagslega ábyrgð á því gagnvart Göngum saman.

Styrkir eru veittir til allt að 12 mánaða. Mikilvægt er að umsækjendur takmarki umsókn sína við styrktímabilið.

7. Verkefnalýsing

Verkefnalýsing felur í sér stutta lýsingu á verkefninu þar sem með annars kemur fram vísindalegt gildi þess, staða þekkingar á fræðasviðinu, aðferðafræði og verk- og tímaáætlun. Verkefnalýsing skal ekki vera meira en 800 orð. Heimildaskrá telst þó ekki með í 800 orða lýsingu verkefnisins. Einungis skal greina frá rannsóknaáætlun á styrktímabilinu sem er að hámarki 12 mánuðir.

Sérstaklega skal rætt hvernig niðurstöður verkefnisins gætu aukið þekkingu á brjóstakrabbameini og hugsanlega leitt til framfara í meðferð brjóstakrabbameins.

8. Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun skal vera raunsæ, nákvæm og vel rökstudd. Launakostnað skal miða við laun skv. gildandi kjarasamningum. Efniskaup skulu listuð og vel rökstudd. Styrkir vegna aðkeyptrar þjónustu skulu vel rökstuddir. Ekki er veittur styrkur til tækjakaupa, birtinga vísindagreina í opnum aðgangi né ferðastyrkir.

9. Leyfi til rannsóknarinnar

Umsækjendum er bent á að afla tilskilinna leyfa s.s. frá Vísindasiðnefnd, Persónuvernd og/eða Tilraunadýranefnd vegna umsóknarinnar ef við á.

10. Umsóknarfrestur

Umsókn skal senda á netfangið styrkir@gongumsaman.is fyrir lok dags þriðjudagsins 10. september 2024. Ekki er tekið við umsóknum sem berast eftir umsóknarfrest.

11. Almenn ákvæði

Styrkir eru veittir skv. áherslum félagsins og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna. Ófullnægjandi umsóknum er vísað frá.

Göngum saman getur óskað eftir frekari upplýsingum og/eða farið fram á að umsækjendur kynni verkefni sín áður en endanleg ákvörðun um styrkveitingu er tekin. Stjórn Göngum saman áskilur sér rétt til að ákveða skiptingu styrkja, sem og að hafna öllum umsóknum.

Úthlutun styrkja fer fram í október en sá mánuður er helgaður baráttunni gegn brjóstakrabbameini.